# FRÉTTABRÉF FÁSES

Eurovision
SONG CONTEST

OGAE ICELAND
2019

# Helgarspjall á Rás 2







## laugardag kl. 9

Gísli Marteinn Baldursson og Björg Magnúsdóttir hefja leikinn um helgina á Rás 2 í þættinum Morgunkaffinu. Gísli og Björg fá skemmtilega gesti í stúdíó, spila úrvals tónlist og halda uppi góðri stemmningu á meðan hlustendur koma sér í helgargírinn.

## sunnudag kl. 8

Felix Bergsson rabbar við hlustendur í morgunsárið og spilar notalega tónlist. Hann býður upp á hlustendagetraun og fær til sín góða gesti sem segja frá fimm skemmtilegum atriðum sem hafa breytt lífi þeirra.

# Formannspistill

Kæru FÁSES-liðar,

það eru átta ár síðan ég fór á vit ævintýranna í Baku í Aserbaídjan, stoltur með okkar fyrsta FÁSES-fréttabréf til að sýna öðrum Eurovision-aðdáendaklúbbum að FÁSES væri að festa sig í sessi sem hluti af aðdáendaneti OGAE-samtakanna. Síðan þá hefur klúbburinn stækkað ört og komið sér í hóp stærstu OGAE-klúbbanna.

Nýkjörin stjórn hlakkaði mikið til að skipuleggja nýtt og spennandi ár fyrir FÁSES. Það var að sjálfsögðu lagt upp með að halda metnaðarfullu starfi okkar áfram og skipuleggja komandi mánuði. Á aðalfundi FÁSES þann 24. október sl. kvöddu Anna Sigríður Hafliðadóttir og Eyrún Elly Valsdóttir stjórnina og inn komu hinn fjölhæfi Gísli Ólason Kærnested og Eurovisiondrottning norðursins, Halla Ingvarsdóttir; tilbúin til að mála bæinn rauðan.

Ég er mjög stoltur að sjá hvað meðlimir FÁSES eru virkir í félagslífinu og hópurinn stækkar ört sem kemur á alla viðburði okkar. Það er okkar aðalverkefni að bjóða nýja meðlimi velkomna í Eurovision-fjölskylduna og að þeir njóti sín í góðra vina hópi.

Viðburðirnir hjá okkur voru með svipuðu móti og síðustu ár; allt frá Bingói og Júrógleðistundum til hörkuspennandi Barsvara sem að þessu sinni voru í höndum Charles Gittins og Höllu stjórnarmeðlims sem létu sum okkar missa nokkur hár yfir krefjandi og skemmtilegum spurningum. FÁSES hefur í ár fært aðeins út kvíarnar og stóð fyrir viðburði á Akureyri sem vakti mikla lukku meðal Akureyringa og nærsveitunga. Öllu var síðan tjaldað til á Söngvakeppnishelginni með viðburðum sem stóðu yfir alla helgina og lokapunkturinn var Euroklúbburinn þar sem einn frægasti Eurovision DJ Evrópu, DJ Ohrmeister, skemmti okkur á Ölveri. Söngvakeppnin í ár var með þeim eftirminnilegustu frá upphafi og ekki síst fyrir sigur Hatara. Júró-Stiklur FÁSES voru haldnar í Bíó Paradís sem hluti af Barnamenningarhátíð Reykjavíkur. FÁSES hefur þá sérstöðu að margir meðlimir eru fjölskyldufólk en flestir aðrir klúbbar samanstanda mestmegnis af samkynhneigðum karlmönnum. RÚV hefur svo sannarlega átt þátt í því að félagið hefur stækkað með frábærum Söngvakeppnum og líflegri umfjöllum um Eurovision. RÚV ákvað að endurvekja Alla leið með FÁSES-meðlimum í sal og hver veit; kannski endar það með því að FÁSES-meðlimur verður einn af dómurum þáttarins! Þess má svo að lokum geta að ekki reyndist mikil eftirspurn eftir miðapökkum á lokakeppnina í Tel Aviv sem orsakaðist af verðlagi en 5 félagsmenn enduðu að kaupa pakka.

Framundan er stórskemmtilegt fréttabréf. Góða skemmtun og megi hatrið sigra!!!

# Söngvakeppnin 2019

Söngvakeppnin 2019 var haldin með svipuðu sniði og undanfarin ár en RÚV breytti þó ögn út af vananum þegar kom að því að velja lög inn í keppnina. Leitað var til þekktra höfunda ásamt því sem opið var fyrir innsendingar á lögum. 132 lög bárust í keppnina og voru 10 lög valin til þátttöku í undankeppnunum tveimur sem haldnar voru í Háskólabíói þann 9. og 16. febrúar.

Meðal keppenda voru Eurovision-reynsluboltarnir Friðrik Ómar og Hera Björk og tveir keppendur sneru aftur í Söngvakeppnina, þau Daníel Ólíver og Kristina Bærendsen Skoubu. Nýliðavalið samanstóð af þeim Þórdísi Imsland, Ívari Daníels, Heiðrúnu Önnu Björnsdóttur, Töru Mobee, Hatara og þríeykinu Ella grill, Glym og Skaða. Það er óhætt að segja að fjölbreytnin hafi verið í fyrirrúmi.

5 lög kepptu í hvorri undankeppni og komust 2 beint í úrslit. Úr þeirri fyrri voru það *Hatrið mun sigra* með Hatara og *Eitt andartak* með Heru en úr þeirri seinni voru það *Hvað ef ég get ekki elskað?* með Friðriki Ómari og *Betri án þín* með Töru Mobee. Að lokinni seinni undankeppninni var tilkynnt að ákveðið hefði verið að hleypa einu lagi enn í úrslit og kom það í hlut Kristinu Bærendsen Skoubu með lagið *Ég á mig sjálf*.



Mynd: Ástríður Margrét Eymundsdóttir

Nýir kynnar heiðruðu okkur með nærveru sinni og var mikil ánægja með þann ferska blæ sem fylgdi þeim Benna og Fannari hraðfréttamönnum. Auk þess hafði RÚV ráðið Lee Proud sem listrænan stjórnanda keppninnar og má með sanni segja að keppnin hafi tekið nokkur stór skref í áttina að sænsku fyrirmyndinni *Melodifestivalen*. Upphafsatriði og atriði í hlé hafa aldrei verið eins glæsileg og nú.



Mynd: Þóranna Hrönn Þórsdóttir

Úrslitin voru haldin með glæsibrag í Laugardalshöllinni 2. mars. Sjálfur Hr. Eurovision, Jon Ola Sand, mætti á keppnina og hin ógleymanlega Eleni Foureira kom fram og flutti silfurlag sitt frá því í fyrra.

Að lokinni símakosningu og dómnefndakosningu voru Hatari og Friðrik Ómar á toppnum og komust í einvígið. Friðrik Ómar hafði tekið þá ákvörðun að halda laginu sínu á íslensku og voru því bæði lögin í einvíginu á íslensku. Þar með var orðið ljóst að framlag Íslands yrði á íslensku í fyrsta skipti síðan 2013.

En það var það eina sem einvígislögin áttu sameiginlegt því að öðru leyti voru þau fullkomnar andstæður. Hvítklæddur Friðrik Ómar flutti tregafulla kraftballöðu með íslenska landsliðið í bakröddum sér til halds og trausts en Hatari flutti sitt leður- og latexklædda BDSM-iðnaðar-teknó með eldvörpum og látum. Og lætin fóru vel í íslensku þjóðina því Hatari fór með sigur af hólmi.



Myndir: Ástríður Margrét Eymundsdóttir



Í janúar, þegar tilkynnt var hvaða lög yrðu í Söngvakeppninni vakti strax mikla athygli að Hatari væri meðal þátttakenda en þeir höfðu nýlega tilkynnt að hljómsveitin ætlaði að hætta og héldu kveðjutónleika milli jóla og nýárs. Fréttatilkynning frá Svikamyllu ehf. hljóðaði svona:

„Verðlaunahljómsveitin Hatari lýkur störfum frá og með áramótum. [...] Ljóst er að neytendur sem ekki tryggja sér miða á síðustu tónleika sveitarinnar, *Endalok* á Húrra þann 28. desember næstkomandi, munu aldrei aftur líta hana augum, enda dómsdagur í nánd. [...] Rekstur hljómsveitarinnar reyndist ekki standa undir væntingum stjórnarmeðlima og verður listamönnum Hatara formlega afhent uppsagnarbréf þann 24. desember næstkomandi.“

En þetta reyndust svo sannarlega vera falsfréttir. Í kjölfarið birtist fjöldinn allur af fréttum sem spannaði allan skalann í dramatík. Yrði þeim hleypt til Ísrael? Myndi túrisminn á Íslandi hrynja vegna þeirra? Á meðan samfélagið andaði í poka af spennu voru meðlimir Hatara þó pollrólegir og svöruðu öllum spurningum eins: „Undirbúningur gengur samkvæmt áætlun.“

Undirbúningur FÁSES fyrir Söngvakeppnina gekk líka samkvæmt áætlun. Húsfyllir var á Eurovision-karaoke FÁSES í sal Samtakanna '78 þar sem framkvæmdastjóri Samtakanna, Daníel Arnar, tók að sér hlutverk karaoke-stjóra og skemmti mannskapnum. Formaður FÁSES, Flosi Jón Ófeigsson, bauð svo upp á bæði Eurovision-spinning og Eurovision-zumba á laugardagsmorgni og pumpaði vel upp stemninguna. Eftir vel heppnaða tilraun með Euroklúbb í fyrra endurtókum við leikinn og fengum einn besta Eurovision DJ í heimi, DJ Ohrmeister, til að koma til landsins og halda uppi stuðinu á Ölveri. Það er morgunljóst að Euroklúbburinn í Reykjavík er kominn til að vera!



Mynd: Þóranna Hrönn Þórsdóttir

# Eurovision-íþróttameiðsli

Það getur verið ákveðið áhættusport að elska Eurovision. Hver þekkir ekki geðshræringuna þegar Eurovision-tilfinningarnar bera mann ofurliði? Áhættusport af þessu tagi getur valdið Eurovision-íþróttameiðslum eins og eftirfarandi sögur sýna.

Árið 2008 hélt RÚV ekki Söngvakeppnina í þeirri mynd sem hún er núna heldur var sýnd þáttaröð allan veturinn sem hét *Laugardagslögin*. Ég hélt að sjálfsögðu með Friðriki Ómari og Regínu í Eurobandinu allan tímann, gegnum alla þættina, allan veturinn. Þegar tilkynnt var að þau hafi unnið hoppaði ég upp í loft af fögnuði með tilheyrandi hljóðum. Hljóðin minnkuðu ekkert þegar ég lenti aftur því ég lenti eitthvað illa og hélt áfram að æpa. Ég gat þó stigið í hægri fótinn en sársaukinn var mikill. Pabbi fór  með mig upp á slysó og aftur morguninn eftir þar sem nóttin hafði verið kvalafull. Sjúdómsgreiningin var tognun á liðbandi við hné – sem eftir þetta er aldrei kallað annað en *Eurobandið*.  -  *Halla Ingvarsdóttir*

Sem sannir Eurovision-aðdáendur fylgjumst við Eva Dögg Benediktsdóttir alltaf með Melodifestivalen og árið 2016 var engin undantekning gerð þegar Victor og Samir slógu rækilega í gegn með lagið *Bada nakna*. Við vorum á leið til Stokkhólms og vorum staðráðnar í því að taka lagið hátt og skýrt. Og ekki bara á Sergels-torgi heldur hvar sem tækifæri gæfist. Og tækifærið gafst kvöld eitt á EuroClub. Fyrstu tónar lagsins byrjuðu að óma og ég var eitthvað annars hugar. Eva var hins vegar vel með á nótunum og öskraði í geðshræringu: „SUNNA!!!“ Þessu fylgdu svo ofsafengnar handahreyfingar af fögnuði við að heyra lagið og þegar ég leit upp þá komu hendurnar á Evu niður af öllu afli með þeim afleiðingum að hún lúbarði mig í hausinn. Eva var með blikkarmband úr Globen á hendinni og smellhitti hún hausinn á mér með því. Ég lagðist beint í gólfið grenjandi úr hlátri en Eva fékk sjokk yfir því að hún hefði kannski rotað mig. Ég fékk stóreflis kúlu á hausinn sem minnti á styttuna á Sergels-torgi en armbandið slapp óskaddað út úr þessari viðureign.  -  *Sunna Mímisdóttir*

Fyrri undanúrslit Söngvakeppninnar fóru fram þetta snjóþunga febrúarkvöld árið 2018. Ég var búin að eiga frábæran dag með FÁSES-meðlimum, var með *Kúst og fæjó* pikkfast á heilanum og endaði kvöldið í góðu stuði á Kiki, eina staðnum í bænum sem spilar Eurovision-lög af einhverju viti. Á leiðinni út af staðnum rann ég þó í bleytu í efsta þrepi stigans og steyptist kylliflöt með höfuðið á undan mér alla leið niður á jafnsléttu. Meðan á þessu stóð ómaði *Aldrei gefast upp* í græjunum og mér var svo fljótlega sópað upp á fæturna (eftir að aðrir gestir og starfsfólk staðarins höfðu fullvissað sig um að ég væri nú ekki hálsbrotin). Stokkbólgin í fyrstu og almennt ómöguleg í öðrum fætinum hef ég þjösnast í heilt ár gegnum daglegt amstur og Söngvakeppnir raulandi *Aldrei gefast upp* í hvert skipti sem fóturinn kvartar. Ég komst svo að því nýlega, í kringum Söngvakeppnina 2019, að ég hafði brákast illa og á að fara í aðgerð á ökklanum. Ég gætti þess þó auðvitað að bóka tíma 20. maí, fyrsta virka dag eftir Eurovision-keppnina! Það er nefnilega fátt sem stoppar FÁSES-hjartað.  -  *Þóranna Hrönn Þórsdóttir*

# Meira eðal




**Bestu drykkirnir þurfa besta hráefnið**
**Margverðlaunaðir drykkir frá LLANLLYR**

HAGKAUP
Meira svona alla daga



# Albanía

**Lag: Kthej tokës**
**Flytjandi: Jonida Malaqi**
**Lag / texti: Eriona Rushiti**

Albanir störtuðu Eurovision-vertíðinni í desember 2018 með undankeppninni sinni *Festival i Këngës*. Það var hin 35 ára gamla Jonida Malaqi sem sigraði örugglega. Hún hefur verið ein vinsælasta söngkona Albaníu í mörg ár og á einnig farsælan sjónvarpsferil að baki. Hún er hokin af reynslu þegar kemur að þáttöku í *Festival i Këngës*, tók fyrst þátt árið 1995 þegar hún var aðeins 13 ára, 9 árum áður en Albanir tóku þátt í Eurovision! Síðan hefur hún tekið 7 sinnum þátt og loks fannst Albönum hennar tími kominn. Lagið heitir *Kthej tokës* eða *Endurheimtum jörðina*.



Sigyn Blöndal

Lagið byrjar mjög vel. Flottur taktur, spennandi og grípandi og hún syngur vel, miklar tilfinningar í gangi. En þegar lagið er ca. hálfnað er ég hætt að hlusta, og þegar lagið er búið þá man ég ekki eftir því. Skrítin blanda. Held að þetta fari ekki upp úr undankeppninni, ekki nema atriðið verði þeim mun eftirminnilegra.

Ti këndon edhe qan
Në duar lotët mbledh
I mban

Një ditë jeton
Në tjetrën vdes
Sa mall, pak shpresë
I vetëm, pa identitet

Ktheju tokës tënde
O njeri që zemrën le peng

Ktheju tokës tënde
Ti e di një zemër të pret

Një ditë jeton
Në tjetrën vdes
Sa mall, pak shpresë
I vetëm, pa identitet

Ktheju tokës tënde
O njeri që zemrën le peng

Ktheju tokës tënde
Ti e di një zemër të pret



# Armenía

**Lag: Walking Out**
**Flytjandi: Srbuk**
**Lag / texti: Lost Capital and tokionine / Garik Papoyan**

Armenar völdu fulltrúa sinn innbyrðis í ár og tilkynntu strax í nóvember að fyrir valinu hefði orðið söngkonan Srbuk en hún heitir réttu nafni Srbuhi Sargsyan og er fædd í Yerevan árið 1994. Hún er enginn nýgræðingur á tónlistarsviðinu, en hún sló fyrst í gegn í heimalandinu árið 2010 eftir að hafa lent í 2. sæti í *X Factor: Armenia*. Síðar tók hún þátt í *The Voice of Ukraine* þar sem hún lenti í 4. sæti. Lagið *Walking Out* lýsir hetjulegri framgöngu konu sem hefur fengið sig fullsadda af ofbeldisfullu sambandi og tekur þá ákvörðun að safna loksins kjarki til að setja sjálfa sig í fyrsta sæti og labba hreinlega út. Fyrsta brot úr myndbandinu og laginu var gefið út þann 8. mars síðastliðinn á alþjóðlegum baráttudegi kvenna.



Rúnar Freyr Gíslason

Srbuk er fantagóð söngkona, hún hefur svona dökka, hása rödd sem minnir mann á Lady Gaga og Adele. Hún er músíkölsk, menntuð í tónlist og vön að koma fram. Ég er ekkert svo hrifinn af laginu persónulega, en það er samt allt þarna: flott viðlag og millikafli og svo verður allt vitlaust í lokin. Ágætis dýnamík. Útsetningin er ansi kröftug og Srbuk mun líklega skila þessu ofarlega.

Who are you, what you really do
When you have to fight the agony
That's aiming back at you
Who are you, who you run to
Depend, defend, hope on
Can you function on your own?
Are you from those who will
swallow down
The pain, disgrace, the sadness
When the one, you love so much
Can take your soul and break it

Wait for, oh wait for
What I waited for
Wait for, oh wait for
On no I'm done

Walking out (oohoo)
Whatever I've built
I'm gonna burn down
I'm walking out (oohoo)
You're no more a king
'Cuz I' was your crown

First you said, you would die for
me
But in the end I was the one
Bleeding all alone
First you said, you kneeled, you
swore
You loved, you lived for me
How could you forget it all?
Are you from those
Who can take a loving heart
And squeeze it out of love
Than prepare to slowly get
Not loved but hated instead

Viðlag
Walking out, walking out
No crying now
Walking out walking out
No begging now
Walking out (oohoo)
At last, I feel proud
I'm walking out

You knew that my heart wasn't
small
But somehow you came and filled
it all

I'm in the mirror
So freaking bitter
But I've gotta get through
I'm gonna get through

Keep it together
Be cool under pressure
Cause she wants to break you
She wants to break you

Drink till I forget
She's on to the next
And when the ghost starts
screaming
Right when they resonate
Hear my heart confess

It's been so hard to bear
So shut up about it
shut up about it
It's just too hard to hear
So shut up about it
shut up about it
Oooooo
So shut up
shut up about it

Out of the mirror
It's getting clearer
Then out of the blue
She crashes the room

Gotta remember
She is a killer
With that freaking perfume
Girl, it's too soon

Viðlag x2

I don’t need I don’t need the truth
I don’t need I don’t need the truth

Viðlag



# Aserbaídsjan

**Lag: Truth**
**Flytjandi: Chingiz**
**Lag / texti: Borislav Milanov, Trey Campbell, Bo J, Pablo Dinero, Hostess & Chingiz**

Síðan árið 2014 hefur gengi Asera verið fremur dapurt og í fyrra komust þeir ekki einu sinni áfram í fyrsta skipti. Fulltrúi Asera í ár heitir Chingiz Mustafayev og er 28 ára gamall. Hann hefur hefur fram til þessa aðallega sérhæft sig í þjóðlagatónlist og þá sér í lagi flamenco. Hann var valinn eftir að Íctimai TV hleypti af stokkunum innbyrðis áheyrnarprufum í nóvember. Yfir 350 lög bárust og valið á flytjendum stóð á milli Chingiz og fjögurra annarra söngvara. Sérvalin dómnefnd valdi svo bæði lagið og flytjandann og var tilkynnt um valið þann 7. mars síðastliðinn. Lagið *Truth* fjallar um eitrað samband milli tveggja einstaklinga. Höfundur lagsins er Boris Milanov en hann viðurkenndi að hann hefði verið svolítið efins um Chingiz en skipti snarlega um skoðun þegar þeir hittust og sagði hann fullkominn flytjanda fyrir lagið þegar allt kom til alls.



Jan Ossolinski

The good old Azerbaijan is back on track. It's one of my favourites this year. Azerbaijan, as usual, sends a good produced song and considering how they always put a lot of effort into their stage performances we can expect them to be back in top 10.



# Austurríki

**Lag: Limits**
**Flytjandi: PÆNDA**
**Lag / texti: PÆNDA**

Söngkonan, lagahöfundurinn, framleiðandinn, raf-popparinn og hin bláhærða Pænda verður fulltrúi Austurríkis í Tel Aviv í vor. Pænda hefur verið að í tónlistinni síðan hún var 14 ára gömul og spilar á gítar og píanó. Hún lærði jazz í Vín og mun í lok apríl gefa út aðra sólóplötu sína. Lagið *Limits*, sem verður framlag Austurríkis í vor, er einmitt eitt laganna á þeirri plötu. Það er eftir hana sjálfa og fjallar um viðkvæmni og leit hennar að eigin mörkum eins og titillinn gefur til kynna. Pænda hefur einnig látið hafa eftir að sér að um leið og maður eigi að virða sín eigin mörk er samt mikilvægt að trúa á sjálfan sig og finna sína eigin leið. Listamannsnafnið Pænda kemur frá risapöndum en að eigin sögn lítur Pænda út eins og panda á morgnana.

Minds got to move but I'm so trapped within me
Expanded all my limits too carelessly
And I'm counting on the time to get me back in line
Cause nothing really makes sense no more
I'm set on hold so I needn't be bold anymore

Cause the face in the mirror
Just couldn't look clearer right back through me
And how I'd like to say
It will get better tomorrow or any day

Yeah I'm talking bout you, you
You and the luck you try to find
You, you
You and how hard you try to hide it

I sense the pain, but it doesn't hurt anymore
It's even number than the ache I felt before
So I smile for a while, let the torture begin
The pressure on my chest becomes almost routine
It's not like I don't care, but there's nothing left to bare

Viðlag

And I'm letting it all come crushing down
Come breaking in
It's like rain just left back blurred outlines

I have to say I'm not a fan of this entry. I find it rather boring and only memorable performance could help Pænda with qualifying to the final. I remember Cesar also wasn't a favourite to win last year but I think this time the bookmakers are correct with placing Austria that low.



Łukasz Dawid Brocki

Hey you
It's me again
Hey you
Stone in my shoe

I've been aching
Feeling low
You're so heavy
I have got to let you go

I'm going where there's zero
gravity
Zero gravity
Zero gravity
I'm free, ah...

Hey you
Lock with no key
Hey you
Earth with no sea

I've been freezing
On the ground
You're so heavy
I can't let you keep me down
anymore

Oh zero gravity
Zero gravity

(and it feels like) Ah
(and it feels like) Ah
(and it feels like) Ah
(and it feels like) Ah

Nothing holding me down
Nothing holding me down
Nothing holding me down now
Nothing holding me down
x2

Zero gravity
Zero gravity
Zero gravity
Zero



# Ástralía

**Lag: Zero Gravity**
**Flytjandi: Kate Miller-Heidke**
**Lag / texti: Kate Miller-Heidke & Keir Nuttall**

Ástralir taka þátt í 6. sinn eftir að Guy Sebastian reið á vaðið í frumraun þeirra árið 2015 og lenti í 5. sæti. Dami Im var nálægt sigrinum árið 2016 en endaði í 2. sæti. En í ár verður það Kate Miller-Heidke sem syngur óperu-poppið *Zero Gravity* fyrir hönd Ástrala. Þeir héldu sína fyrstu forkeppni fyrir Eurovision í febrúar og var mikið lagt í keppnina. Kate sigraði með nokkrum yfirburðum, bæði í símakosningu og hjá dómnefndum. Hún er menntuð óperusöngkona en nýtur þess að blanda klassískum stíl saman við nútímatónlist og þjóðlagatónlist. Lag og texti er samstarfsverkefni hennar og Keir Nuttall en þau hafa unnið náið saman og gefið út mikið af efni, meðal annars voru þau tilnefnd til Aria-verðlauna fyrir lagið *Words* árið 2019.



Karin Grundboeck

This year the song from Australia will divide the fans: either you will love it, or you will hate it. I belong to the second group. The song has zero appeal. Yes, the voice of Kate Miller-Heidke shows undeniably her classical training. But she is just another opera singer with a boring song. It comes nowhere near the greatness of Mozart's magic flute and the famous aria of the queen of the night.



# Belgía

**Lag: Wake Up**
**Flytjandi: Eliot**
**Lag / texti: Pierre Dumoulin, Eliot Vassamillet**

Belgar hafa átt góðu gengi að fagna síðustu ár eftir að þeir tóku upp innra val. Þeim mistókst reyndar að komast áfram í fyrra en árin 2015-2017 voru þeir í top 10. Hinn 18 ára Eliot Vassamillet var valinn í ár með lagið *Wake Up*. Eliot var uppgötvaður eins og svo margir í *The Voice* í Belgíu. Höfundur lagsins er Pierre Dumoulin en hann var einmitt einn af lagahöfundum *City Lights* sem Blanche flutti í Kænugarði 2017. Umfjöllunarefni lagsins er að hvetja ungt fólk til að vera virkt og sameinast í betri heimi með jákvæðni og vináttu að vopni.

Paul Lashmana



Positives: I love how this entry continues in the same dark and moody contemporary style that Belgium has been bringing these past few years. Killer verses.
Negative: The chorus could have done with a lot more punch. Qualifier? I really hope so, but they still have some work to do, in order to make it an offer the voters can't refuse.

I wake up every night
I can't find anyone to pray
somewhere in the light
Changing all up

I 'm afraid, on the side
Looking out for the lines to say
Someone has the light
Feeding our fire

I came to fight I came to fight
over you
Don’t want your lies don’t want
your lies I need truth
I came to fight I came to fight
over you
No one will cry, no one will cry if
it’s true

I’ll wait for the sign
I can't find anyone to stay
But there’s something in the light
Saving our lives?

And I can't face you now
No I won't break you down
If I can't find you
I won't hide you
It's not what I do

I came to fight I came to fight
over you
Don’t want your lies don’t want
your lies I need truth
I came to fight I came to fight
over you
No one will cry, no one will cry if
it’s true



# Bretland

**Lag: Bigger Than Us**
**Flytjandi: Michael Rice**
**Lag / texti: Laurell Barker, Anna-Klara Folin, John Lundvik, Jonas Thander**

Bretar völdu sitt framlag fjórða árið í röð í gegnum forkeppnina *Eurovision: You Decide*. Keppnin í ár var þó öðruvísi í sniði en áður þar sem sex flytjendur kepptust um að fljúga fána Bretlands en einungis þrjú lög voru í pottinum. Tveir flytjendur fluttu því sama lag en í mismunandi útgáfum í gegnum tvær umferðir. Dómnefnd valdi flutning í fyrri umferðinni en almenningur valdi sitt uppáhald í þeirri seinni. Að lokum var það hinn 21 árs gamli Michael Rice sem heillaði áhorfendur með laginu *Bigger Than Us*. Einn af höfundum lagsins er Svíinn John Lundvik sem syngur og semur einnig lag Svía í ár. Annar höfundur þess er hin kanadíska Laurell Barker en hún semur einnig framlag Sviss og Þýskalands í ár.

Hear these words
That I sing to you
I will make it clear
It's me, and you
We can have this love
That we never lose
It's bigger than us
Take my hand
and I'll lead you home
Can you understand
You will never be alone

It's bigger than us
It's bigger than you and me
It's bigger than us
It's bigger than everything we see
Cause I can feel the universe
When I'm feeling you breathe
It's bigger than us
It's bigger than you and me
It's bigger

I won't give up
And I won't let go
Cause this kind of love
Is gonna be our only hope

Viðlag

Bigger, bigger
Oh, it's bigger
Bigger, bigger

It's bigger than us
It's bigger than you and me
This kind of love
It's bigger than everything we see

Oh, so much bigger
Bigger than us

It's bigger than you and me
Viðlag

Bigger, bigger
It's bigger than
It's bigger than
Oh, bigger, bigger
Oh, it's bigger



Tinna Rós Steinsdóttir

Það besta sem hefur komið frá Bretlandi síðan 1997, enda ekki við öðru að búast þegar þeir fá aðstoð frá Svíum. Krafturinn, Eurovision-hækkunin, takturinn, þetta bara gengur upp og er eitt af mínum repeat-lögum í ár! Michael Rice er svo algjört uppáhald og gerir þetta þrælvel. Meiriháttar krúttlegur og þó hann nái ekki alveg að sannfæra mig um hann hafi upplifað ást sem er „bigger than us", þá er þessi rödd hans alveg til að láta mig „feel the universe". Ég leyfi mér þó að vona að hann verði í fullsíðum buxum á sviðinu í Tel Aviv.



# Danmörk

**Lag: Love Is Forever**
**Flytjandi: Leonora**
**Lag / texti: Lise Cabble, Melanie Wehbe, Emil Lei**

Það kemur í hlut hinnar tvítugu Leonoru að feta í fótspor Rasmussens og hinna víkinganna, sem slógu svo eftirminnilega í gegn meðal almennings í fyrra og lentu í 5. sæti í símakosningunni. Leonora er skautadrottning og hefur raðað inn verðlaunum í listdansi á skautum frá barnsaldri. Nú starfar hún sem skautaþjálfari og danshöfundur og sinnir tónlistinni í hjáverkum. Hún hefur samið sína eigin tónlist árum saman og dreymir um að gefa út plötu. Lagið *Love Is Forever* er eftir Lise Cabble, Emil Lei og Melanie Wehbe en Lise var einnig einn af höfundum *Only Teardrops* árið 2013 og *Fra Mols til Skagen* árið 1995. Emil var annar meðhöfunda Gretu Salóme í *UK: You Decide* í fyrra og Greta Salóme samdi, útsetti og tók upp alla strengi í laginu.



Meret Zimmermann

The Danish song has a beautiful message.
The 20 years old Leonora sings «Love Is Forever» – and for everyone… It is about the universality of love - which is even highlighted by Leonora singing it in four languages: English, French, Danish and German. This is making it a perfect and lovely Eurovision Song.

Travel the world to see
The ruins of what has been
Learning our history
But still we don't take it in

Brú:
Why we make it tough
The world has had enough
Don't get too political
And who are we to judge
It doesn't take too much
Only just a miracle

Viðlag:
Love is forever
Love is forever and everyone
(x2)
Just a taste of love
A taste of what could actually rule both me and you
A taste of love is all we got
So don't you never ever give up love

Come over my long-lost friend
And work on a happy end
Imagine what we could do
After what we've been through

Brú
Viðlag

Venez decouvrir la vie
Ce soir, on va tous partir
Le beau temps n'est pas fini
Qu'en dîte vous mon ami

Hvorfor ska vi slås
All we need is love
Liebe ist für alle da
Kærlighed er håb
Alle ka forstå
Kærlighed er samme sprog

L'amour est pour toujours
L'amour est pour toujours
Et pour tout le monde
(x2)

Viðlag

All my life I've wondered why
I keep fighting all the tides
For a million reasons that I find
But I might, I might be all wrong

I've hit highs and I've hit lows
But somewhere down the winding road
It felt like I could lose it all
But I might, I might have been wrong

A storm like this
Can break a man like this
But when it all calms down
We're still safe and sound

All my life I've tried to find
The meaning of what's left behind
They say it's life itself but I
Feel it might, it might be all wrong

Viðlag

Even if the sky falls down
We can turn it all around
We'll escape the darkest clouds
And we'll be safe and sound

Wherever we may go
Whatever happens down the road
However far from home
I know we won't let go

In no time the storm will end
And it'll be alright again
The battle scars won't matter then
But I might, I might be all wrong



# Eistland

**Lag: Storm**
**Flytjandi: Victor Crone**
**Lag / texti: Stig Rästa, Vallo Kikas, Victor Crone, Sebastian Lestapier, Fred Krieger**

Eistar hófu frumraun sína í Eurovision árið 1994 og hafa verið með síðan að undanskildu árinu 1995. Í ár tefla þeir fram Svía sem heitir Victor Crone sem vann nokkuð óvænt í eistnesku undankeppninni *Eesti Laul* með lagið Storm. Af 12 lögum í úrslitum voru 3 sem komust í svokölluð ofur-úrslit og var Victor hársbreidd frá því að komast ekki þangað. *Storm* fékk fleiri stig úr símakosningunni og komst þar í ofur-úrslitin á meðan Sissi, sem söng *Strong* sat eftir með sárt ennið en hún er einmitt dóttir Dave Bentons, annars helmings sigurdúettsins frá árinu 2001. Victor er ekki algjör nýgræðingur þegar kemur að forkeppnum Eurovision, en hann tók þátt í *Melodifestivalen* árið 2015. Einn af höfundum lagsins er sjálfur Eurovision-góðkunninginn Stig Rästa sem samdi framlag Eista bæði 2015 þar sem hann söng líka og síðan 2016.



Árný Eggertsdóttir

Það er eitthvað við röddina hans sem fær mig til að halda áfram að hlusta því lagið er svolítið lengi í gang, en þegar maður hlustar áfram er þetta grípandi lag. Ég mundi setja þetta á minn playlista þótt þetta sé ekki mitt uppáhaldslag.



# Finnland

**Lag: Look Away**
**Flytjandi: Darude feat. Sebastian Rejman**
**Lag / texti: Sebastian Rejman & Ville Virtanen**

Þrátt fyrir heldur brösótt gengi í Eurovision í fyrra ákváðu Finnar að halda sama fyrirkomulagi í undankeppninni fyrir Eurovision, *UMK*. Finnska sjónvarpið YLE valdi fyrst flytjanda sem lagðist undir feld og samdi þrjú lög. Þau voru síðan flutt í úrslitakeppni *UMK* þar sem dómnefnd og almenningur völdu besta framlagið. Einn þekktasti dansklúbbaraftónlistarmaður í heimi og þjóðarstolt Finna, Villa Virtanen, betur þekktur sem Darude, varð fyrir valinu. Þekktasti smellur Darude, *Sandstorm*, kom út árið 1999 og það er eflaust ekki til það mannsbarn sem ekki þekkir það lag. Með Darude á sviðinu í Tel Aviv verður Sebastian Rejman sem er þekktur tónlistarmaður og leikari í Finnlandi. Lagið *Look Away* fjallar um hvernig okkur hættir til að horfa framhjá þeim hörmungum, eins og loftslagsbreytingum og stríðsátökum, sem eiga sér stað í heiminum um þessar mundir.

There's something you should know
That I can't sing a love song anymore
There's something going on
And I can't turn my back on it anymore

How can we go to sleep at night
And lay there in our beds
When we know what's going on
With the world today

Is it in my head?
Am I the only one?
Is it in my head?
Where the war has just begun?

We look away, look away
Look away, look away, hey
Look away, look away
Look away, look away, no-o-o

Is it in my head?
Is it in my head?
Look away
Look away, hey, no-o-o

There's something in the air at night
That feels so different
And I don't understand
I didn't see this one coming

How can we go to sleep at night
And lay there in our beds
When we know what's going on
With the world today

Viðlag x2



Sunna Sveinsdóttir

Flott lag, ágætis ballaða, gott útvarpslag en sviðsmyndin er flott ef maður horfir ekki á söngvarann.

I am me
And I know I will always be
Je suis free oui j'invente ma vie
Ne me demandez pas qui je suis

Moi je suis
Le même depuis tout petit
Et malgré les regards, les avis
Moi pleure, je sors, je ris

You put me in a box, want me to be like you
J'suis pas dans les codes ça dérange beaucoup
At the end of the day you cannot change me boo
Alors, laisse-moi m'envoler

I, I'm not rich but I'm shining bright
I can see my kingdom now
Quand je rêve je suis un roi (x2)
I'm not rich but I'm shining bright
I can see my kingdom now
Quand je rêve je suis un roi
And I know oh oh oh
Even though oh oh oh
You try to take me down
You can not break me na na
Toutes ces voix «fait comme ci, fait comme ça»
Moi je ne cala pas
You will never remove my crown

Who are we
When we hurt, when we fight for free
Only God can judge you and me
Ce qu'on est on ne l'a pas choisi

On choisit
Son travail, sa coiffure, ses amis
Sa routine, parfois l'amour aussi
Et ça passe ou ça casse mais ça
Regarde qui?

Viðlag

Je suis un roi
Quand je rêve je suis un roi




# Frakkland

**Lag: Roi**
**Flytjandi: Bilal Hassani**
**Lag / texti: Emilie Satt & Jean-Karl Lucas**

Frakkar völdu sitt framlag í gegnum forkeppni sína *Destination Eurovision*. Eftir tvær undankeppnir og æsispennandi úrslitakeppni var það hinn 19 ára gamli Bilal Hassani sem stóð uppi sem sigurvegari með lagið *Roi*. Lagið er samið af góðkunningjum Eurovision, dúettnum og parinu Madame Monsieur sem sömdu einmitt og fluttu framlag Frakka í fyrra. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Bilal vakið mikla athygli í heimalandi sínu, bæði fyrir Youtube-myndbönd sín og þátttöku sína í frönsku útgáfunni af *The Voice Kids* árið 2015. Í þeirri keppni var hann undir leiðsögn Patrick Fiori sem var fulltrúi Frakklands í Eurovision árið 1993. Bilal hefur því nokkur Eurovision-fótspor til að feta í.



Dekel Ben Avi

It take courage to be Bilal Hassani and stand up for what he does at the age of 19. Though probably not the best vocals in the contest, the song is beautiful and admirable for its meaning.



# Georgía

**Lag: Sul tsin iare**
**Flytjandi: Oto Nemsadze**
**Lag / texti: Roma Giorgadze / Diana Giorgadze**

Georgíumenn ákváðu að nota *Idol*-keppnina sína til að ákveða hver fengi farmiðann til Tel Aviv og var það Oto Nemsadze sem stóð uppi sem sigurvegari. Lagahöfundar hvaðanæva úr heiminum gátu sent inn lög og sjö manna nefnd georgíska sjónvarpsins ákvað hvaða þrjú lög komu til greina af þeim rúmlega 200 sem bárust. Þeir fjórir söngvarar sem voru í úrslitum fengu svo sjálfir að velja hvaða lag þeir sungu. Oto, sem hlaut rétt rúm 44% atkvæða, var annar tveggja söngvara sem ákvað að syngja lagið *Sul tsin iare* en hinn söngvarinn lenti í 3. sæti. Hann hefur tekið þátt í fjölda sjónvarpshæfileikaþáttaraða síðastliðinn áratug og lenti m.a. í 2. sæti í *The Voice* í Úkraínu árið 2016.

Sul tsin iare!
Bevri iare!
Edzebe!
Ipove!
Iare! Iare!
Sadghats mgherian!
Gulit mgherian,
Mavtulebia!
Mgherian!
Iare!
Maints mgherian!
Varado varado, varada rada hee.
Varado varado, varada rada hee.
Iare edzebe, ipove!
Dakargul simgherebs
Khma rom miatsvdino mteli khmit
imgere!
Sul tsin iare! Gulit iare!
Iare! Iare! Am mavtulebze
gadaiare!
Varados mgherian mamebi,
shvilebi
Aatskve chonguri, chven ar
davishlebit
Iare gulit da zghva gadaiare,
Simgherit vushushebt ertmanets
iarebs.
Varada varada ...
Varada varada ...
Varada varada, varada rada he
Varada varada, varada rada

Iare gulit da zghva gadaiare,
Simgherit vushushebt ertmanets
iarebs!

Lagið er mjög dramatískt, ástríðufullt og kraftmikið. Ég fékk netta Braveheart-tilfinningu! Röddin hans er rosalega falleg og hann syngur með miklum sannfæringar-krafti. En hvað varðar uppbygginguna, þá var ég alltaf að bíða eftir einhverju wow-momenti sem ég fékk ekki. Ég elska kóra, og hvað þá í þessu lagi en mér finnst melodían ekki vera eftirminnileg. Er ekki viss um að þetta lag komist áfram. Boðskapurinn er samt sem áður mjög fallegur, þannig það er alveg spurning hvort þeir komist í gegn.



Þórdís Imsland

Live for the mess
Make me feel ageless
No pain, no gain
Teach me carelessness

And I'm about to see all that's made up
And everything they want from us
No pain, no gain
Once bitten, make way

And I can't hide it
I won't fight this
Yearning feeling inside

Gotta get
Better love, better love
All that we're after
Way to love, who you love

There's nothing more to say to back it up when I'm
unafraid, I've lost enough
Go on, hold on for dear life

'Cause I can't hide it
I won't fight this
Burning feeling inside

Viðlag

Won't you lean on me
You can lean on me
Let them look, don't know, don't care
Go deep with me
Go deep with me
Go deep with me

Viðlag

What you waiting for, what you waiting fo-or, what you waiting for?
Better love, who you love



# Grikkland

**Lag: Better Love**
**Flytjandi: Katerine Duska**
**Lag / texti: Katerine Duska, Leon of Athens, David Sneddon, Phil Cook**

Grikkir ákváðu að velja sitt lag innbyrðis og í ár varð það hin kanadísk-gríska Katerine Duska sem var valin sem fulltrúi Grikklands með lagið *Better Love*. Katerine er fædd og uppalin í Kanada af grískum foreldrum en býr nú í Aþenu þar sem hún starfar sem söngkona og lagahöfundur. Hún er einmitt einn af lagahöfundum gríska lagsins í ár sem hún samdi í samstarfi við Leon of Athens og David Sneddon. Rödd Katerine hefur vakið mikla athygli og hefur henni verið líkt við hinar ýmsu söngkonur, þar á meðal Annie Lennox, Amy Winehouse og Florence Welch. Grikkir hafa átt í smá vandræðum í keppninni síðustu ár en þeir þurftu að sitja eftir í undankeppninni í fyrra, en það var aðeins í annað skiptið í sögunni sem Grikkir komust ekki í úrslitakeppnina. Katerine bíður því verðugt verkefni að koma í veg fyrir að það gerist í þriðja skiptið á fjórum árum.



Benedikt Valsson

Lagið grípur mig ekki strax við fyrstu hlustun en hefur klárlega power sem virkar live. Söngkonan sker sig úr, hjómar eins og búið sé að dusta rykið af gömlu góðu Anastaciu og henda henni í nokkra söngtíma. Besta við lagið er endirinn í laginu, mikið að gerast og áberandi bakraddir. Fer klárlega upp úr riðli og endar í topp 10.



# Holland

**Lag: Arcade**
**Flytjandi: Duncan Laurence**
**Lag / texti: Duncan Laurence, Joel Sjöö, Wouter Hardy**

Not so silent and innocent
Acid rain from your finger prints
Echoes, rivers of loneliness
Hitting the walls of my heart

They scream, ohooo
They scream, ohooo



# Rússland

**Lag: Scream**
**Flytjandi: Sergey Lazarev**
**Lag / texti: Philipp Kirkorov, Dimitris Kontopoulos / Sharon Vaughn, Dimitris Kontopoulos**

Í febrúar tilkynnti rússneska sjónvarpið að Sergey Lazarev myndi snúa aftur í Eurovision fyrir hönd Rússa til að flytja lag eftir Philip Kirkorov, Dimitris Kontopoulos og Sharon Vaughn. Veðbankarnir hreinlega trylltust og Sergey skaust beint á toppinn enda er hann mikils metinn í Eurovision-heiminum eftir að hafa eftirminnilega sigrað símakosningu en endað í 3. sæti í Eurovision árið 2016 með laginu *You Are The Only One*. En það vill einmitt svo skemmtilega til að það lag var einnig úr smiðju þeirra fyrrnefndu Philips og Dimitris. Lagið í ár, sem heitir *Scream*, er kraftballaða sem hæfir Sergey vel. Myndbandið við lagið er ævintýralegt og dramatískt eins og lagið. Eftir að lagið var frumflutt féllu Rússar reyndar niður í 2. sæti í veðbönkunum. Hvort sem veðbankarnir hafa rétt fyrir sér eða ekki er víst að draumateymið mun mæta til leiks í Tel Aviv með skothelt atriði.



Stefán Friðrik Stefánsson

Þremur árum eftir þriðja sætið sitt í Stokkhólmi með Eurobombu sem átti að fara alla leið snýr rússneski sjarmörinn Sergey Lazarev aftur með annað öflugt lag - orkumikla ballöðu, Scream. Öðruvísi lag en ég átti þó von á - samt svo heillandi negla, sem vinnur á við hverja hlustun. Spurning hvort Sergey leiki eftir Dima Bilan að sigra í annarri atrennu með rólegra lag. Klárlega lag sem mun gera góða hluti hvernig sem fer.



# San Marínó

**Lag: Say Na Na Na**
**Flytjandi: Serhat**
**Lag / texti: Serhat / Serhat & Mary Susan Applegate**

Í vetur tilkynnti ríkissjónvarp San Marínó að hin stórfurðulega forkeppni *1in360* yrði ekki haldin aftur eins og í fyrra heldur yrði lagið valið innbyrðis. Fljótlega fóru Gróu-sögurnar af stað og Rodrigo Alves (hinn mennski Ken) var orðaður við að vera fulltrúi smáríkisins í Eurovision. Í janúar var svo tilkynnt að góðkunningi Eurovision, hinn tyrkneski Serhat, yrði fulltrúi San Marínó í Eurovision með lagið *Say Na Na Na*. Serhat er vel þekktur í Tyrklandi þar sem hann var lengi framleiðandi og þáttarstjórnandi í sjónvarpi og ýmsum öðrum viðburðum. Auk þess er hann menntaður tannlæknir. Þó að *Say Na Na Na* sé á ensku þá geta tungumálaunnendur glaðst yfir því að heyra Serhat telja upp á þrjá á tyrknesku; Bir, İki, Üç.



Björg Magnúsdóttir

Verum bara heiðarleg. Örríkið San Marínó slengir inn algjörri poppdrullu í ár, uppfullri af klisjum og jákvæðri sálfræði. En bíðum við! Eurovision kempan og flytjandinn, Tyrkinn Serhat, púllar þetta! Seiðandi raddbönd sem bræða Langjökul hraðar en loftslagsbreytingar og sviðsöryggi sem fæst eingöngu gegnum áratuga reynslu sem söngvari og sjónvarpskynnir. Na na na er ekki frumlegasta lagið en fyrst Serhat segir okkur að vera regnbogi, þá ætla ég bara að hlýða.

You look sad and lonely, is something wrong tonight
Why this rush to run away, things will be alright
Just be strong and look at me, hear me when I say
Who cares that you're outta love, it happens every day

All your dreams have gone away, no matter what you do
Love all colours of this life and to yourself be true
Don't forget my number, call me anytime
I will always tell you life is beautiful and fine

Say na na na
On a dark deserted way say na na na
There's a light for you that waits it's na na na
Say na na na

Say na na na
You're not alone so stand up na na na
Be a hero, be the rainbow and sing na na na
Say na na na

All your dreams have gone away, no matter what you do
Love all colours of this life and to yourself be true
Don't forget my number, call me anytime
I will always tell you life is beautiful and fine

If you're feeling lonely
We can take it slowly
Think I'm going crazy
Yes, I'm going crazy
We can all go crazy
Bir İki Üç

Viðlag



# Serbía

**Lag: Kruna**
**Flytjandi: Nevena Božović**
**Lag / texti: Nevena Božović & Darko Dimitrov**

Það er hin 25 ára Nevena Božović sem er fulltrúi Serba í Eurovision í ár með lagið *Kruna* sem þýðir einfaldlega kóróna. Þrátt fyrir ungan aldur er Nevena enginn nýgræðingur í Eurovision. Hún keppti í Junior Eurovision árið 2007 og var hluti af stúlknasveitinni Moje 3 sem voru fulltrúi Serbíu árið 2013 með lagið *Ljubav je Svuda*. Nevena samdi bæði lag og texta *Kruna* og tileinkar lagið ástinni sinni. Serbar hafa tekið þátt sem sjálfstæð þjóð í Eurovision frá árinu 2007 (þegar Serbar komu, sáu og sigruðu með *Molitva*) en áður höfðu Serbar tekið þátt undir fána Serbíu og Svartfjallalands og þar áður Júgóslavíu. Nevena endaði í 3. sæti í Junior Eurovision árið 2007 og Moja 3 rétt misstu af sæti í úrslitunum árið 2013 en þær höfnuðu í 11. sæti í fyrri undankeppninni í Malmö. Allt er þá þrennt er gætu verið einkunnarorð Nevenu fyrir þátttöku hennar í Eurovision árið 2019.

Pogled mili
Jedini dušu smiri
O volim te

Noć je duga
Bez tebe tuga
Ruku mi daj
Nikad ne puštaj

Everything for you
I give myself to you...

Neka me svet čuje sad
Životom branim te ja
Neka nas svi vide sad
Svako nek zna, da zauvek
Tvoja sam ja

Kruna je tvoja
LJubavi moja
Želim da znaš
Da tebi pripada

Everything for you
I give myself to you...

Neka me svet čuje sad
Životom branim te ja
Neka nas svi vide sad
Svako nek zna, da zauvek
Volim te ja



Markús Þórhallsson

Serbneska er einstaklega fallegt tungumál
en mér finnst það kóróna metnaðarleysi höfunda
powerballöðunnar *Kruna* að hnýta inn í það línum á ensku.
Ástarjátningin „Everything to you, I give myself to you“
bætir engu við; laskar lagið frekar, því miður.



# Slóvenía

**Lag: Sebi**
**Flytjandi: Zala Kralj & Gašper Šantl**
**Lag / texti: Zala Kralj & Gašper Šantl**

Slóvenar bjóða upp á dáleiðandi dúett sem kærustuparið Zala Kralj og Gašper Šantl skipa. Þau hafa starfað saman frá árinu 2017 en Zala bjóst aldrei við að hafa atvinnu af tónlist, hún einfaldlega losaði um streitu með því að semja lög og flytja ábreiður og birta á Youtube. Gašper lærði á harmonikku frá 7 ára aldri en skipti svo yfir á gítar til að ganga í augun á stelpum. Lagið *Sebi* er afskaplega lágstemmt og draumkennt og fjallar um erfiðleika sem maður stendur frammi fyrir og að maður þurfi að vera trúr sjálfum sér. Þau vildu nota tækifærið til að kynna sig og tónlistina sína fyrir fleira fólki svo þau ákváðu að senda lagið inn í slóvensku undankeppnina *EMA*. Viðtökurnar sem lagið fékk virðast hafa komið þeim mjög á óvart og þau áttu ekki von á því að sigra *EMA*.

Sigrún B. Sæmundsdóttir



Slóvenía var ekki á mínum topplista fyrst en það hefur heldur betur breyst hjá mér. Þetta lag *Sebi* (*To Myself*) gæti alveg verið „dark horse" í ár. Zala & Gašper, sem flytja þetta lag, hófu samstarf sitt 2017. Þarna eru þau á ferð með fallega melódíu með einlægum texta, þarna er líka falleg rödd, fallegt tungumál, falleg tónlist, gæti alveg náð á topp 10 í Eurovision í ár.

Ko so tvoje misli polne
lahko poslušaš, kako mi bije srce
Ko težko je tvoje breme
k meni se lahko zatečeš

Vprašaj, kaj me vodi dalje
So dosežki in razdalje
Kot list gre z vetrom in se mu upira
jaz grem s tokom in se mu upiram

Vedno se ne vidi zvezd
sam ostani sebi zvest
Ne govori mi oprosti

Ko solze v tvojih so očeh
pusti jih, da tečejo
Ko najine želje so različne
sprejmeš me in sprejmem te

Poglej me, je nujno, da ima vse pomen
Večnost in ta planet nista prijatelja
in jaz sem kot snežinka, ki čaka na pomlad

Vedno se ne vidi zvezd
sam ostani sebi zvest
Ne govori mi oprosti

Ni ti treba se dokazovat
Vežejo nas iste solze, isti strah

Vedno se ne vidi zvezd
sam ostani sebi zvest
Ne govori mi oprosti

Te compran porque te vendes
Te vendes porque te sobras
Te pierdes porque hay camino
Te digo: hay otras cosas
Te sales porque te quieres
Te quieres, tu mente en forma
Te eliges porque hay camino
Te digo: hay otras cosas

La venda ya cayó y solo quedó la alegría
La venda ya cayó y empezaran nuevos días
La venda ya cayó avivando fantasías
La venda ya cayó y serás como querías

Te rezas porque confías
Te sientes que ya tenías
Te vives, alto voltaje
Te traje buenas noticias
Te vales y ya no fuerzas
Te vives y te interesas
Te saltas, no quedan normas
Ahora, la vida loca

La venda ya cayó y solo quedó la alegría
La venda ya cayó y empezarán nuevos días
La venda ya cayó avivando fantasías
La venda ya cayó y serás como querías

Lo que ere, lo que ere, ere, ere, e
Lo que ere, lo que ere, ere, ere, e
Lo que ere, lo que ere, ere, ere, e
Lo que ere, lo que ere, ere, ere, e
Lo que ere, lo que ere, ere, ere, e
Lo que ere, lo que ere, ere, ere, e

La venda ya cayó y solo quedó la alegría
La venda ya cayó y empezaran nuevos días
La venda ya cayó avivando fantasías
La venda ya cayó y serás como querías



# Spánn

**Lag: La venda**
**Flytjandi: Miki**
**Lag / texti: Adrià Salas**

18 keppendur tóku þátt í hæfileikakeppninni *Operación Triunfo* og áttu 13 þeirra möguleika á að taka þátt í Eurovision fyrir hönd Spánar, með að taka þátt í hliðarkeppninni *Gala Eurovisión*. Áður hafa einungis þeir sem hafa komist í úrslit keppninnar átt möguleika á að keppa í Eurovision en eins gott að reglunum var breytt, því Miguel Nunez Pozo, eða Miki, lenti í 6. sæti. Lagið *La Venda* hlaut 35% atkvæða í símakosningu á úrslitakvöldinu en lagið í öðru sæti fékk 22% atkvæða. Miki var svo sjálfur í þriðja sæti með dúettinn *Nadie se salva*. Miki er fæddur í Terrassa á Spáni árið 1996 og byrjaði ungur að læra tónlist. Í næstum áratug fór hann fyrir ábreiðuhljómsveitinni Dalton Bang, sem spilar tónlist með mikilli orku og fær fólk til að hrista skankana. Góð upphitun fyrir *La Venda*, því erfitt er að sitja kyrr þegar það kemur á fóninn!



Karítas Harpa Davíðsdóttir

Ég loka augunum og á mjög auðvelt með ímynda mér að vera ekki komin 38v, liggjandi á strönd við Miðjarðarhafið, nývöxuð, olíuborin með mojito í einni og sólaráburð í hinni hlustandi á þetta lag (í mismunandi myndum) á öllum börum og allir dansandi. Þetta er lag sem flestir munu dilla sér við en hvort fólk muni síðan eftir því í lok kvölds eða vilji kjósa það, veit ég ekki.



# Svartfjallaland

**Lag: Heaven**
**Flytjandi: D-moll**
**Lag / texti: Dejan Božović / Adis Eminić**

Sextettinn D-Moll er skipaður þeim Tamöru Vujačić, Mirelu Ljumić, Željko Vukčević, Ivönu Obradović, Emel Franca og Rizo Feratović sem eru á aldrinum 17 ára til 22 ára. Meðlimirnir eiga það sameiginlegt að hafa sótt nám í söng við söngskóla Daniels Alibabic sem jafnframt er hópnum innan handar sem sérstakur mentor. Alibabic er reynslubolti í Eurovision en hann var hluti af sönghópnum *No Name* frá Serbíu og Svartfjallalandi árið 2005 sem fluttu lagið *Zauvijek moja* sem endaði í sjöunda sæti. Í úrslitum serbnesku forkeppninnar Montevizija var D-Moll hópurinn með einkar eftirminnilegt atriði þar sem þau stilltu sér upp sem nótur á nótnalínum. Saga Svartfjallalands í Eurovision hefur verið þyrnum stráð síðan þeir þreyttu frumraun sína sem sjálfstætt ríki árið 2007 og hafa þeir aðeins tvisvar verið með í úrslitum Eurovision. Við Íslendingar getum alla vega boðið Svartfellinga velkomna í Félag Eurovisionþjóða sem sent hafa lagið *Heaven* (FESSHLH).

Life, life was once so lonely
Heartbreak was the only
Thing you left for me

My life, my life was so empty
And love was the furthest
Furthest thing from me

Fallin'
I'm in heaven
Fallin'
I'm in heaven
Fallin'
Straight into your heart
Fallin'
I'll catch you while you're
Fallin'
I hear your heart
Callin'
Into my arms

I'm in heaven

There's no place I'd rather be
As the candle glow flees
But with you right here

I got used to feelin' naked
Walkin' blind with hanging heart

I was ready
To give up but
Now you came
Into my life

Viðlag x2

I'm in heaven
I'm in heaven
Fallin'

Svartfellingar gera atlögu að „þjóðlega glaðlega fólkið“ væbinu í ár. Meiraðsegja með skrýtið þjóðlagahljóðfæri og gamlan kall að spila á það. Það er bara eitthvað sem ekki virkar í þessari þjóðlegu þvottaefnisauglýsingu. Það er enginn alltaf svona glaður nema Felix. Betra Svartfell en *Euro Neuro*, en það þurfti ekki mikið til. Á engan séns að komast upp.



Jóhannes Þór Skúlason

I noticed her when she arrived
Kind of lady that mama like
But mama she ain’t here tonight
Gettin' rowdy rowdy
When she poured out a little spice
Got the whole place on a vibe
Monday night into Friday night
Gettin' rowdy rowdy

She let her body - Talk
She make the party - Stop
She gettin' naughty - Ya
Droppin' droppin' it down

When she go low x2
She go so low x2
Oh she know - oh x2
She got me dirty dancin'
When she go low x2
She go so low x2
Oh she know - oh x2
She got me
Dirty dancin’ x4

Oh she lightin' a fire now
Goin' wild like an animal
All in gonna sweat it out
Gettin' rowdy rowdy
Turnin' heads and turnin' up
Breakin' necks she breakin' cups
Look at her can’t get enough
Gettin' rowdy rowdy

Brú
Viðlag

All the bros go: Yo yo yo
All the girls go: Yo yo yo
Everyone go: Yo yo yo
She got us dirty dancin'

Viðlag
Yo
Viðlag



# Sviss

**Lag: She Got Me**
**Flytjandi: Luca Hänni**
**Lag / texti: Laurell Barker, Mac Frazer, Luca Hänni, Jon Hällgren, Lukas Hällgren**

Luca Hänni er 24 ára gamall og kemur úr tónelskri fjölskyldu. Hann spilar á fjölda hljóðfæra og hefur starfað sem múrari. Luca hóf feril sinn 17 ára eftir að hann vann þýska Idolið. Hann starfar sem fyrirsæta, hannar tískufatnað og gefur út tímaritið *Stories*. Og ef þetta var ekki nóg fyrir ykkur þá vann hann dansþáttinn *Dance Dance Dance* í Þýskalandi 2017 og tilkynnti dómnefndarstigin fyrir hönd Sviss í Eurovision sama ár. Svo er hann víst mjög viðkunnanlegur náungi og gefur sig að aðdáendum sínum. Suðræni sumarsmellurinn *She Got Me* er m.a. eftir Laurell Barker sem einnig semur breska og þýska framlagið í ár. Lagið og flytjandinn var valinn af 100 manna áhorfendapanel og 20 manna alþjóðlegri dómnefnd sem okkar eina sanna Helga Möller sat í.



Bastien Venturi

I am absolutely not astonished about Switzerland currently being among the top 3 favorite songs to win this year ESC in Tel Aviv as I helped selecting it. Luca is an experienced entertainer. He can sing, he can dance, he is good looking, he is in good shape, he s a friendly guy and he gets to sing a rousing catchy song which has already become popular. He has it all. Switzerland is definitely making it to the final this year and I won‘t be surprised if Luca even brings the coveted trophy back home with him. Hopp Schwyz! Allez la Suisse! Forza Svizzera! Dai Svizra! I believe in you Luca.





# Svíþjóð

**Lag: Too Late For Love**
**Flytjandi: John Lundvik**
**Lag / texti: John Lundvik, Anderz Wrehov, Andreas Stone Johansson**

Svíar bera höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir þegar kemur að því að halda undankeppnir. Veðbankar og aðdáendur virtust nokkuð samtaka í spám sínum um að John Lundvik yrði fulltrúi Svía að þessu sinni og það gekk eftir því hann fékk alslemmu atkvæða bæði frá alþjóðlegu dómnefndinni og sænsku þjóðinni. Þetta sænska hæfileikabúnt fæddist í London og var hann ættleiddur aðeins viku gamall af sænsku pari en hann flutti þó ekki til Svíþjóðar fyrr en hann var sex ára. Hann á farsælan tónlistarferil að baki og hefur samið tónlist fyrir kvikmyndir sem og brúðkaup Victoríu krónprinsessu. Hann lenti í 3. sæti í Melodifestivalen í fyrra með lagið *My Turn* en í ár er hans tími kominn því hann er einnig einn af höfundum breska lagsins.



Árni Árnason

Ég er algjör sucker fyrir Svíþjóð í Eurovision. Koma oftar en ekki með ballöður og dívur sem grípa mig við fyrstu hlustun. Lagið er bara ágætt, engin flugeldasýning en bakraddirnar lyfta laginu upp á smá gospel-fíling sem algjörlega bjargar því. Svíar munu þó ekki landa sigri að þessu sinni, munu lúta í lægra haldi fyrir Íslandi. En samt sem áður á ég von á að John endi í topp 15 þar sem Svíar kunna þetta og með sterkar rætur í hjörtum áhorfenda.

Hey, how you been
I wonder do you ever think of me
Say, am I wrong
To wonder if it could be you and me

Is it too late for love, mhmm
Is it too late for love
I wanna know
Is it too late for love
I can't take no more, is it?

I could be the sun that lights your dark
Maybe I would lit your world with just one spark
I could make it burn for you and me
If I could be there
I would be there, hear me!

I could be the sun that lights your dark
Is it too late for love (x2)
Hear me
I could make it burn for you and me

Days came and went
But nothing ever really felt the same
You left a space
Where everything reminds me of your face

Is it too late for love, mhmm
Is it too late for love
I wanna know

Viðlag

We could be a storm that rages on
And maybe we would own the ocean carry on

Viðlag

Is it too late for love?
Is it?

Can you hear it?
There’s someone behind the wall making the same sounds
Can you hear it?
It sounds like you and me when we’re making love
Who is it?
You said you wish they weren’t taking such a long time

Brú:
She was my neighbour when we were thirteen
She moved back in...
There’s not much between us now
D’you know what I mean?

Viðlag:
She’s only a friend of a friend of a friend of a friend
She’s never home cause she plays in a band
I don’t know if you’d understand
She’s only a friend of a friend of a friend
I had a dream that she walked through the door I can’t recall her name anymore
Please believe me I’m your man
She’s only a friend of a friend of a friend

Can you feel it?
There’s someone sliding up and down the ceiling
Breathing, he is synchronising with her beating heart (with her beating heart)

Brú
Viðlag

Ooooh...

Viðlag



# Tékkland

**Lag: Friend Of a Friend**
**Flytjandi: Lake Malawi**
**Lag / texti: Jan Steinsdoerfer, Maciej Mikolaj Trybulec, Albert Černý**

Hljómsveitin Lake Malawi, hefur starfað saman í sex ár, þrátt fyrir ungan aldur meðlima og var stofnuð af söngvara hljómsveitarinnar, Albert Černý. Innblásinn af laginu *Calgary* með Bon Iver, rak hann augun í Lake Malawi á korti og nafnið var fullkomnað. Myndbönd átta tékkneskra laga voru valin til birtingar á eurovision.tv. Alþjóðleg dómnefnd tíu fyrrverandi Eurovision-keppenda gilti til helmings á móti netatkvæðum innan Tékklands. Netatkvæði utan Tékklands voru flokkuð sem ellefti meðlimur dómnefndar. Ari Ólafsson var í dómnefndinni en hann varð góður vinur tékkneska keppandans í fyrra, Mikolas Josef, sem náði besta árangri Tékka í keppninni, 6. sæti. Lake Malawi og Barbora Mochowa fengu jafnmörg stig frá dómnefnd en Jakub Ostra fékk flest netatkvæði. Lake Malawi fékk næstflest netatkvæði en Jakub Ostra lenti í fimmta sæti hjá dómnefnd, svo Lake Malawi tók sigurinn með lagið *Friend Of a Friend*.



Hrönn Dís Ástþórsdóttir

Þetta lag er með svona dans og 80's fíling, það grípur mig ekki og er ekki ofarlega á mínum lista en ég hugsa að það gæti alveg gert góða hluti úti í Tel Aviv. Söngvarinn syngur þokkalega vel á sviði og er öruggur með sig.



# Ungverjaland

**Lag: As Én Apám**
**Flytjandi: Joci Pápai**
**Lag / texti: Joci Pápai & Ferenc Molnár**

Joci Pápai flytur lagið *Az Én Apám* fyrir hönd Ungverja í ár en hann tók einnig þátt í Eurovision árið 2017 með lagið *Origo* og þá lenti þá í 8. sæti. Hann er fyrsti ungverski flytjandinn sem snýr aftur í Eurovision og hann er einnig fyrstur söngvara af Rómafólki til að taka þátt í aðalkeppninni. Lagið *Az Én Apám* fjallar um samband Joci við föður sinn og minningar hans frá æskunni og því hefur hann kallað eftir því að aðdáendur sendi honum myndir af feðrum sínum eða feður sendi myndir af sér með börnum sínum. Þessum myndum verður síðan varpað á skjá á sviðinu í Tel Aviv þegar Joci flytur lag sitt. Faðir Joci var sjálfur tónlistarmaður sem hvatti Joci til tónlistariðkunar enda hefur hann spilað á gítar og sungið frá fjögurra ára aldri.

Torsten Tognotti



Although the Hungarian song is sung in Hungarian, it touches me. After 2017 Joci Papai takes part again for Hungary and this year he catches me with his melancholic hommage to his father, while I was bored with his entry two years back. The best part of the song is the whistling. This gives me goosebumps. I really would be thrilled if it qualifies to the Grand Final.

Az én apám
Úgy nevelt mint a szél
Halkan fújt énekelt
Úgy mesélt
Ott lakott hol minden út véget ért
Ezeregy év is kevés egy életért
egy életért

Hallom őt az ő szívét a húrokon
Latom őt múló idővel arcomon
Az ő hitét büszkeség vallanom
Ezer egy dalból azt az egyet
dúdolom

Régi napok gyönyörű napok
Szeretem az emlékét
Ő hív
És hozzá szaladok
Játszani így volt szép
Régi dalok megidézik
Még érzem a nap fényét
A szél zúgasát is hallom még
A szél hangjában is hallom még

Egy dallal űzte messze el a
bánatom
Mit adhatok csak azt, hogy hozzá
tartozom
S az én fiamnak büszkeséggel
mondhatom
Ő az én apám és itt az én
otthonom

Viðlag

Legyen álmom szép
A szél fütyült altatót
Ma is hallom még

I'm tired, tired of always losing
I tried to stop your fire
Turns out that I couldn't

I'm tired, tired of competing
I tried to hold you under
But honey you kept breathing

Brú:
When you said you wanted the world
I said you couldn't too
You were walking right beside me
But I left no room for you
Calling you my enemy but my enemy's right here
It was my mistake to try and break
that power that I feared

I see flames in your eyes
Damn they burn so bright
Oh, you gotta know I'm with ya
Now shine like city lights
Torches in the sky
Don't you try to hide it
SISTER

I'm sorry, sorry for the drama
I tried to steal your thunder
Turns out I don't wanna

Brú

I see flames in your eyes
Damn they burn so bright

Don't you try to hide it
SISTER SISTER SISTER x2
Don't you try to hide it

I see flames in your eyes
Damn they burn so bright
Oh you gotta know I'm with ya
Now shine like city lights
Torches in the sky
Don't you try to hide it
Don't you try to hide it
SISTER



# Þýskaland

**Lag: Sister**
**Flytjandi: S!sters**
**Lag / texti: Laurell Barker, Tom Oehler, Marine Kaltenbacher, Thomas Stengaard**

Þjóðverjar tefla fram dúettinum S!sters en hann skipa þær Carlotta og Laurita. Þær eru ekki systur en lagið heitir *Sister* og er enn einn baráttusöngurinn tileinkaður konum. Carlotta og Laurita eiga báðar langan tónlistarferil sem hægt er að rekja aftur til barnæsku og gerðist Carlotta meira að segja svo fræg að koma fram sem tvífari Lenu þegar hún var 11 ára í þættinum *Show für Deutschland - Countdown für Lena*. Lagið var samið í tónsmiðju í Sviss rétt eftir Eurovision í fyrra þegar keppnin var höfundunum enn í fersku minni. Planið var að senda það til svissneska sjónvarpsins en Thomas Stengaard, sem samdi þýska lagið í fyrra, lagði sig fram um að fá lagið sent inn í þýsku keppnina.



Konstantin Ohr

After the success of last year's German entry using the same method of selecting our song seemed promising. Unfortunately, the German public and the International Jury went for the only song in the National Final that I find fairly old-fashioned and uninspiring. Also, the presentation felt awkward and the singing sounded pretty forced and uneasy. Very disappointing seeing what else we had on offer!

# GÓÐA FERÐ!




PENNINN

Eymundsson

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

# Stigatafla FÁSES 2019

Hver er bestur í fjölskyldunni eða vinahópnum að spá fyrir um gengi laga í Eurovision? Hakaðu við þau lönd sem þú heldur að komist áfram og láttu vini eða fjölskyldu líka taka þátt. Þú færð 1 stig fyrir hvert land sem kemst áfram.

## Fyrri undankeppni 14. maí

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| Kýpur | | | | |
| Svartfjallaland | | | | |
| Finnland | | | | |
| Pólland | | | | |
| Slóvenía | | | | |
| Tékkland | | | | |
| Ungverjaland | | | | |
| Hv.-Rússland | | | | |
| Serbía | | | | |
| Belgía | | | | |
| Georgía | | | | |
| Ástralía | | | | |
| Ísland | | | | |
| Eistland | | | | |
| Portúgal | | | | |
| Grikkland | | | | |
| San Marínó | | | | |

## Seinni undankeppni 16. maí

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| Armenía | | | | |
| Írland | | | | |
| Moldóva | | | | |
| Sviss | | | | |
| Lettland | | | | |
| Rúmenía | | | | |
| Danmörk | | | | |
| Svíþjóð | | | | |
| Austurríki | | | | |
| Króatía | | | | |
| Malta | | | | |
| Litáhen | | | | |
| Rússland | | | | |
| Albanía | | | | |
| Noregur | | | | |
| Holland | | | | |
| N-Makedónía | | | | |
| Aserbaídsjan | | | | |

| | |
|---|---|
| Leikmaður A: | Stig: |
| Leikmaður B: | Stig: |
| Leikmaður C: | Stig: |
| Leikmaður D: | Stig: |

# Stigagjöf í úrslitakeppni

Fylltu inn nöfn landanna í listanum þegar keppnisröð er komin á hreint. Skrifaðu svo í hvaða sæti þú heldur að hvert land lendi. Eitt stig fæst fyrir hvert rétt sæti og eitt stig fæst fyrir hvert land sem þú spáir í topp 10 og endar í topp 10 í úrslitakeppninni.

**Úrslit 18. maí**

| | | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | | | | | |
| 2. | | | | | |
| 3. | | | | | |
| 4. | | | | | |
| 5. | | | | | |
| 6. | | | | | |
| 7. | | | | | |
| 8. | | | | | |
| 9. | | | | | |
| 10. | | | | | |
| 11. | | | | | |
| 12. | | | | | |
| 13. | | | | | |

| | | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|---|
| 14. | Ísrael | | | | |
| 15. | | | | | |
| 16. | | | | | |
| 17. | | | | | |
| 18. | | | | | |
| 19. | | | | | |
| 20. | | | | | |
| 21. | | | | | |
| 22. | | | | | |
| 23. | | | | | |
| 24. | | | | | |
| 25. | | | | | |
| 26. | | | | | |

# Hver vann???

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi stiga úr fyrri forkeppni** | | | | |
| **Fjöldi stiga úr seinni forkeppni** | | | | |
| **Fjöldi stiga fyrir rétt sæti í úrslitakeppni** | | | | |
| **Fjöldi stiga fyrir lönd í topp 10 í úrslitakeppni** | | | | |
| **Alls** | | | | |

# Hvað er Hatari?



Hatari er hljómsveit sem stofnuð var 2015 og hefur á sér það orðspor að vera hörkutónleikaband. Meðal annars voru þeir valdir besta tónleikaband landsins af *Reykjavík Grapevine* 2016 og 2017 og Tónlistarflytjandi ársins 2018 á Íslensku tónlistarverðlaununum. Auk þess hafa íslenskir og erlendir tónlistargagnrýnendur hlaðið á þá lofi vegna framúrskarandi flutnings og rafmagnaðs andrúmslofts á tónleikum þeirra.

Hatari hefur sagt að tilgangur hljómsveitarinnar sé að ráða niðurlögum kapítalisma og berjast gegnum vaxandi popúlisma og fasískum lýðskrumurum sem vaxið hefur ásmegin undanfarin ár. Það er pólitískur undirtónn í öllum efni sem hljómsveitin lætur frá sér og beitt þjóðfélagsleg gagnrýni eins og má heyra í laginu *X*:

Það kostar milljarð að fá krabbamein
og líftóruna að losna við það

Og lagið *Tortímandi* er á svipuðum slóðum og *Hatrið mun sigra*:

Við erum brothætt
sem heimsálfa
hangir
á bláþræði
heróp
í bergmáli
aumkun
sem engu nemur
öskur
sem hamar og meitill
höggstaður
alráður
hatur
sem flóðbylgjur
ótti
óheflaður

Ekki má heldur gleyma laginu *Spillingardans* sem notar samnefnt lag Fóstbræðra sem andargift.

Spillingardans
Hvarvetna alþjóð dansar þennan vals
Neyslutrans
Gróðafíkn og nautnarfans
Gróðafíkn og nautnarfans
Kapítalistar andskotans

Um leið og beita liðsmenn Hatara svo hárbeittu háði að það getur verið erfitt að gera sér grein fyrir hvort Hatari meini það sem þeir segja eða hvort þeir séu einfaldlega að hæðast að sjálfum sér og öðrum eins og sjá má í viðtölum og öðru sem frá þeim kemur á þeirra eigin tónlistarsíðu *Iceland Music News*.



Það voru því fæstir sem áttu von á að Hatari hefði áhuga á að taka þátt í gleði- og glimmerhátíðinni Eurovision, sérstaklega þar sem þeir höfðu líka tilkynnt um endalok sveitarinnar rétt fyrir jólin 2018 þar sem þeim hefði mistekist ætlunarverk sitt að knésetja kapítalismann. Það kom því aðdáendum hljómsveitarinnar í opna skjöldu þegar tilkynnt var að þeir væru meðal keppenda Söngvakeppninnar í ár með lag sitt *Hatrið mun sigra*. Lagið er hart teknósynthpopp kryddað með heimsendatexta. Það er skemmst frá því að segja að þeir komu, sáu og sigruðu í Söngvakeppninni.



Síðan þá og jafnvel áður en Hatari sigraði í Söngvakeppninni hafa þeir verið umdeildir, bæði hér heima og erlendis. Raddir heyrðust hér heima að það væri ekki við hæfi að boða hatur og hörmungar, né væri fatnaður þeirra og framkoma viðeigandi á fjölskylduskemmtun. Þá voru viðbrögð ýmissa Ísraelsmanna einnig hörð því Hatari gagnrýndi að Eurovision væri haldin í landi átaka þar sem keppnin hefði verið stofnuð með það markmið að stuðla að friði í Evrópu eftir seinna stríð. Enn fremur væri ákveðin þversögn fólgin í því að mega ekki tala um pólitík í Eurovision því það væri í sjálfu sér pólitísk stefna. Hópar innan og utan Ísraels hafa kallað eftir því að Hatara verði ekki leyft að taka þátt í Eurovision vegna þessara orða. Á sama tíma hafa hópar hliðhollir Palestínu gagnrýnt Hatara fyrir að taka þátt.



Hins vegar virðast aðdáendur Eurovision víðsvegar um heim, hvort sem það er í Evrópu, Ástralíu eða Asíu taka Hatara með opnum örmum, hrósa þeim fyrir að vera öðruvísi og fyrir boðskap lagsins sem virðist eiga erindi til margra í heiminum í dag. Eins og hljómsveitarmeðlimir sjálfir segja þá er lagið dystópía; viðvörun um það sem getur gerst ef við leyfum hatrinu að ná völdum og gleymum að sinna náunganum og kærleikanum. BDSM-búningarnir hafa ekki síður vakið eftirtekt meðal ungra jafnt sem aldinna en þeir standa fyrir það að vera frjáls en um leið bundinn fjötrum líkt og kapítalisminn frelsar mann en fjötrar um leið.

Það eru því fá lög í Eurovision þetta árið sem vekja jafnsterkar tilfinningar og *Hatrið mun sigra*. Laginu er ýmist spáð sigri eða floppi, fólk hatar það eða dáir. Lagið hefur fengið mikla eftirtekt í fjölmiðlum og er mjög umrætt og umdeilt og líklegt að áhorfendur komi til með muna eftir Hatara næstu árin ef ekki áratugi. Hvort það skili sér í góðu gengi í vor á eftir að koma í ljós. Og hvort Netanyahu muni taka glímuáskorun Hatara 19. maí á einnig eftir að koma í ljós.

# Júrómæðgur, júrófjölskyldan og júróættin

Mæðgurnar, Fríða og Anna Sigga, byrjuðu í FÁSES 2012 og tóku þátt af fullum krafti frá byrjun. Það var í Malmö 2013 sem hugtakið *#júrómæðgur* varð formlega til þegar mæðgurnar fóru á sína fyrstu keppni. Þær hafa ekki látið sig vanta síðan enda algjörlega smitaðar af bakteríunni og urðu þar með júrómæðgurnar.

Júrómamman, Fríða, er einnig þekkt sem íslenska Bonnie Tyler vegna skemmtilegs misskilnings erlendra aðdáenda í Malmö. Sérstaklega viðeigandi misskilningur þar sem hluti FÁSES-hópsins í Malmö var í *Team Bonnie from OGAE Iceland* bolum.



Kaupmannahöfn 2014 var tekin með trompi með fánakjólum, FÁSES-gleði, ritgerðarskrifum og skilum. Ókláruð meistararitgerð Önnu Siggu þurfti að koma með til Köben en meðan Anna skrifaði síðustu kaflana saumaði Fríða tvo fánakjóla sem komu júrómæðgunum í danska sjónvarpið.



Greta Salóme var innblásturinn að skemmtulegustu búningum sem við höfum klæðst enda rugl gaman að sveifla kögrinu, taka hringi og auðvitað óteljandi myndir. Þvílíkt skemmtilegur búningur þó hann hafi verið nokkuð heitur í blíðunni í Stokkhólmi.

Árið 2017 fékk fjölskyldufaðirinn, Hafliði, loks að koma með. Eftir ferðina til Kænugarðs var ekki aftur snúið, hið góðkunna tvíeyki júrómæðgnanna var orðið að júróforeldrum og barni. Hafliði var kominn á bragðið.



Fjölskyldan bauð júróvinum sínum til veislu um borð í seglbát til heiðurs afmælis Fríðu. Þessi merki viðburður þurfti alla fjölskylduna með og vinina líka. Yngvi, kærasti Önnu, vildi ólmur koma með eftir öfundsverðar lýsingar frá Kænugarði og lítið þurfti til að sannfæra Loft bróður um að prófa Eurovision enda Portúgal og afmælissigling með í pakkanum. Þannig varð til júrófjölskyldan, öll komin saman á Eurovision í Portúgal.

Eftir 7 æðisleg ár í FÁSES verða mæðgurnar að nefna:

„Öll þau sem við höfum fengið að eyða tíma með í gegnum árin eru okkar stórjúrófjölskylda. Ætli megi þá ekki kalla FÁSES júróættina okkar?“

# Dare to Dream...

# ...SodaDream




Bakhjarl Hatara er gosdrykkjaframleiðandinn SodaDream en hann veitir Hatara það kapítal sem þarf til að knésetja kapítalismann. Slíkar aðgerðir eru víst ekki ókeypis.

Aðal vara SodaDream er kolsýrt íslenskt vatn úr Hálslóni, tappað á staðnum að sjálfsögðu. Leyndarmálið á bak við gæðin er órætt magn af vonbrigðum sem íslenska þjóðin á áratuga birgðir af. Hálslón er miðlunarlón Kárahnjúkavirkjunar sem myndað er með stíflun á rennsli Jökulsár á Dal, Kringilsár og Sauðár. Það er ekkert sem jafnast á við vonbrigðum blandið íslenskt jökulvatn.






**Fréttabréf FÁSES 2018**

Textar um lönd: Ástríður Margrét Eymundsdóttir, Eva Dögg Benediktsdóttir, Ísak Pálmason, Kristín H. Kristjánsdóttir, Laufey Helga Guðmundsdóttir, Steinunn Björk Bragadóttir, Sunna Mímisdóttir

Greinar: Ástríður Margrét Eymundsdóttir, Eva Dögg Benediktsdóttir, Halla Ingvarsdóttir, Sunna Mímisdóttir, Þóranna Hrönn Þórsdóttir

Prófarkalestur: Eyrún Ellý Valsdóttir

Umbrot: Sunna Mímisdóttir

# IT'S RIPPER TIME




BRENNSLA 12 STIG

BRAGÐ 12 STIG